



## BEIÐNI UM SKRÁNINGU Á BYGGINGARSTJÓRA

Byggingarleyfis nr: \_\_\_\_\_.

Ég undirritaður lóðarhafi/eigandi lóðar/eignar nr. \_\_\_\_ við (götuheiti) \_\_\_\_\_ óskar hér

með eftir að (nafn) \_\_\_\_\_ kt. \_\_\_\_\_ - \_\_\_\_\_ taki að sér stjórn

byggingarframkvæmda skv. ákv. laga nr. 160/2010 og byggingarreglugerð nr. 112/2012 með

áorðnum breytingum sem byggingarstjóri vegna framkvæmda við lóð/eign mína.

\_\_\_\_\_  
(undirskrift lóðarhafa/eiganda)

\_\_\_\_\_  
(kennitala)

\_\_\_\_\_  
(heimilisfang, staður)

\_\_\_\_\_  
(undirskrift byggingarstjóra)

\_\_\_\_\_  
(kennitala byggingarstjóra)

Netfang (byggingarstjóra) og símanúmer

### ■ 15. gr. Ábyrgð eiganda mannvirkis. (lög um mannvirki 160/2010)

- Eigandi ber ábyrgð á því að við hönnun, byggingu og rekstur mannvirkis sé farið að kröfum laga þessara og reglugerða sem settar eru á grundvelli þeirra.
- Eigandi skal hafa virkt innra eftirlit með því að þeir sem hann ræður til að hanna, byggja og reka mannvirkid fari eftir ákvæðum laga þessara og reglugerða sem settar eru á grundvelli þeirra. Hönnunarstjóri annast innra eftirlit eiganda við hönnun mannvirkis, sbr. 4. mgr. 23. gr. Byggingarstjóri mannvirkis annast innra eftirlit eiganda frá því að byggingarleyfi er gefið út og þar til lokaúttekt hefur farið fram. Hönnunarstjóri og byggingarstjóri skulu gera eiganda grein fyrir tilhögun innra eftirlits samkvæmt því sem nánar er kveðið á um í reglugerð og samningi við eiganda.
- Eigandi ber ábyrgð á að fram fari lögboðið eftirlit með byggingu mannvirkisins í samræmi við ákvæði laga þessara.
- Þessir teljast eigendur samkvæmt þessari grein:
- Lóðarhafi óbyggðrar lóðar.
  - Umsækjandi um byggingarleyfi.
  - Byggingarleyfishafi.
  - Eigandi mannvirkis í byggingu. Sé mannvirki selt í heild eða að hluta áður en lokaúttekt fer fram ber fyrri eigandi ábyrgð skv. 1. mgr. ásamt nýjum eiganda nema um annað sé samið í skriflegum samningi milli þeirra. Skal þá koma skýrt fram að nýr eigandi gangi inn í samning fyrri eiganda við byggingarstjóra mannvirkisins eða nýr byggingarstjóri sé ráðinn fyrir mannvirkid í heild.
  - Eigandi mannvirkis eftir að lokaúttekt hefur farið fram.
- (sjá líka 112/2012 byggingarreglugerð)

### ■ 29. gr. Ábyrgð og verksvið byggingarstjóra. (lög um mannvirki 160/2010)

- Byggingarstjóri ræður iðnmeistara í upphafi verks með samþykki eiganda eða samþykkir ráðningu þeirra. Samsvarandi gildir um uppsögn iðnmeistara. Byggingarstjóri skal gera skriflegan samning við iðnmeistara sem hann ræður í umboði eiganda. Í samningi skal m.a. koma fram á hvaða verkþáttum iðnmeistari ber ábyrgð.
- Byggingarstjóri skal í umboði eiganda annast samskipti við leyfisveitendur, eftirlitsaðila mannvirkis, hönnuði og iðnmeistara, auk annarra sem að verkinu koma. Skal hann sjá um að aflað sé nauðsynlegra heimilda vegna framkvæmdarinnar, eftir því sem lög og reglugerðir mæla fyrir.
- Byggingarstjóri fer yfir hönnunargögn með iðnmeisturum mannvirkis vegna heildarskipulags og samræmingar á mismunandi verkþáttum. Leiki vafi á túlkun hönnunargagna skal byggingarstjóri skera úr, eftir atvikum í samráði við hönnuði, og skrá niðurstöður í gæðastjórnunarkerfi sitt. Falli mannvirki undir 2. eða 3. tölu 4. mgr. 27. gr. skal byggingarstjóri sjá til þess að skipulagðir samráðsfundir séu haldnir með eiganda og hönnuðum og skrá efni þeirra í gæðastjórnunarkerfi sitt.
- Byggingarstjóri hefur yfirumsjón með því að aflað sé samþykktar leyfisveitanda við breytingum sem gerðar eru á hönnun eða gerð mannvirkis í byggingu og að ávallt sé unnið í samræmi við nýjustu útgáfu samþykktar hönnunargagna.
- Byggingarstjóri skal hafa virkt eftirlit með því að þeir sem koma að byggingu mannvirkis fylgi samþykktum hönnunargögnum, verklýsingu og ákvæðum laga þessara og reglugerða sem settar eru á grundvelli þeirra. Verði byggingarstjóri við eftirlit var við ágalla á verki iðnmeistara eða hönnuðar skal hann gera viðkomandi aðvart og krefjast þess að úr sé bætt innan hæfilegs tíma. Athugasemdir byggingarstjóra skulu skráðar á viðeigandi hátt í gæðastjórnunarkerfi hans og annarra hlutaðeigandi. Sé athugasemdur byggingarstjóra ekki sinnt eða um ítrekaða vanrækslu að ræða skal hann tilkynna það eiganda. Komi verulegir ágallar á mannvirki í ljós við úttekt, við lok verkhluta eða framkvæmda, eða eftir að mannvirki er tekið í notkun, sem ekki hefur verið bætt úr og rekja má til stórfelldrar vanrækslu á verksviði einstakra iðnmeistara eða hönnuða, ber byggingarstjóri meðábyrgð á ágöllum gagnvart eiganda, enda hefðu ágallarnir ekki átt að dyljast byggingarstjóra við eftirlit skv. 1. málsl.
- Byggingarstjóri skal gera eftirlitsaðila viðvart um lok úttektarskyldra verkþátta og vera viðstaddur úttektir. Hann skal jafnframt tilkynna viðeigandi iðnmeisturum og hönnuðum með sannanlegum hætti um úttektir nema samningur þeirra á milli kveði á um annað.
- Hjóti eigandi eða annar þriðji maður tjón af völdum gáleysis byggingarstjóra í starfi ber hann skaðabótaábyrgð á því samkvæmt almennum reglum. Byggingarstjóri ber ekki ábyrgð á faglegrri framkvæmd verkþátta á ábyrgð einstakra iðnmeistara eða hönnuða né því að iðnmeistarar og aðrir sem að verkinu koma uppfylli skyldur sínar samkvæmt verk- eða kaupsamningi.
- Byggingarstjóri skal hafa fullnægjandi ábyrgðartryggingu sem gildir í a.m.k. fimm ár frá lokum þeirra framkvæmda sem hann stýrði. Skaðabótaábyrgð byggingarstjóra fyrnist samkvæmt ákvæðum laga um fyrningu kröfurettinda. Nánari ákvæði um ábyrgðartryggingu byggingarstjóra skulu koma fram í reglugerð.
- (sjá líka 112/2012 byggingarreglugerð)

Ef fyrirtæki eða stofnun ber ábyrgð byggingarstjóra skal tilgreina nafn þess starfsmanns sem annast umsjón með mannvirkjagerðinni sbr. gr.4.7.6 í byggingarreglugerð nr.112/2012 með síðari breytingum